# ÖRNEFNANEFND

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 132/639
*komudagur* 16.1.2006

Menntamálanefnd
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. janúar 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 12. desember 2005, þar sem frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, 331. mál, var sent örnefnanefnd til umsagnar.

Örnefnanefnd fjallaði um erindi menntamálanefndar á fundi sínum 11. janúar 2006.

Örnefnanefnd ákvað að í stað þess að senda menntamálanefnd sérstaka umsögn um frumvarpið fengi menntamálanefnd afrit af bréfi örnefnanefndar til menntamálaráðuneytis, dags. 21. október 2005, sjá fylgiskjal. Þar kom örnefnanefnd á framfæri við ráðuneytið sjónarmiði sínu um efni frumvarpsins meðan það var enn í smíðum.

Virðingarfyllst

ÖRNEFNANEFND
Ari Páll Kristinsson formaður

Fylgiskjal: Bréf örnefnanefndar til menntamálaráðuneytis, dags. 21. október 2005.

ÖRNEFNANEFND
Lyngási 7, ÍS-210 Garðabæ
Sími 525 4441 • Bréfasími 562 2699

# ÖRNEFNANEFND

Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri
Menntamálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 4
IS-150 Reykjavík

21. október 2005

**Efni: Breyttir hagir örnefnanefndar vegna fyrirhugaðra laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun**

Á fundi í örnefnanefnd 20. október 2005 greindi Svavar Sigmundsson, fulltrúi af hálfu Örnefnastofnunar Íslands í nefndinni, frá því að samkvæmt væntanlegu lagafrumvarpi menntamálaráðherra um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun yrði Örnefnastofnun Íslands lögð niður en verkefni hennar flutt til hinnar nýju stofnunar.

Í reglugerð menntamálaráðherra nr. 136/1999, um störf örnefnanefndar, segir í 1. gr. að örnefnanefnd hafi aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands. Þá hefur nefndin haft sameiginlegan fjárhag með stofnuninni. Örnefnanefnd leyfir sér af þessu tilefni að beina því til menntamálaráðuneytis að búið verði svo um hnútana við fyrirhugaðar breytingar á stofnunum íslenskra fræða að nefndin hafi framvegis samsvarandi aðstöðu og hingað til.

Með vinsemd og virðingu

ÖRNEFNANEFND
Ari Páll Kristinsson

ÖRNEFNANEFND
Lyngási 7, ÍS-210 Garðabæ
Sími 525 4441 • Bréfasími 562 2699